



Ársskýrsla 2010

Landgræðsla ríkisins





## Efnisyfirlit

Fylgt úr hlaði .....	4
Fjárhagur og mannaflí .....	6
Héraðssetur Landgræðslunnar .....	6
Bændur græða landið (BGL) .....	7
Landbótasjóður .....	8
Varnir gegn landbroti (VGL) .....	8
Aldarafmæli varnargarða .....	9
Ógnir eldfjallanna .....	10
Landgræðsluverðlaunin .....	13
Landgræðslunni tæmist arfur .....	13
Landgræðslufélögin .....	11
Rannsóknir .....	15
Landgræðsluskóli Sameinuðu þjóðanna .....	17

## Ársskýrsla Landgræðslu ríkisins 2010

Útgefandi: Landgræðsla ríkisins, apríl 2010.

Verkefnisnefnd: Jón Ragnar Björnsson og Kristinn Garðarsson.

Ljósmyndarar:

Bls. 4: T.v. Bill Ravlin. T.h. efri mynd: Magnús H. Hreiðarsson, t.h. Neðri mynd: Sveinn Runólfsson.

Bls. 5: Sveinn Runólfsson.

Bls. 7: Sigprúður Jónsdóttir.

Bls. 8: Gústav Ásbjörnsson.

Bls. 9: Efri mynd: Vegagerðin, neðri mynd: Jón Ragnar Björnsson.

Bls. 10: Valdimar Leifsson.

Bls. 11: Efri mynd: Sveinn Runólfsson, neðri mynd: Sigurjón Einarsson.

Bls. 12: T.v. Jónann Þórssón, t.h. Jón Ragnar Björnsson.

Bls. 13: Jón Ragnar Björnsson.

Bls. 14: Hjálmar R. Bárðarson.

Bls. 17: Jón Ragnar Björnsson.

Forsíðumynd: Askan úr Eyjafjallajökli fór víða. Sveinn Runólfsson.

Afritun og notkun á efni skýrslunnar er heimil. Geta skal heimildar.



## Fylgt úr hlaði



Sveinn Runólfsson, landgræðslustjóri.

Árið 2010 var hagstætt gróðri landsins eins og undanfarin ár, þótt úrkoma hafi verið í minna lagi, og á haustmánuðum bar víða á vatnsskorti. Vindafar á vor- mánuðum var frekar óvenjulegt hér sunnanlands, óvenjutíðir norð- vestlægir vindar, sem var landinu og hlutaðeigandi byggðum afar hagstætt í öskufalli Eyjafjallajökuls. Það kom þó harkalega niður á bæjunum sem urðu fyrir öskufallinu og afleiðingar eldgossins eru hvergi nærri allar komnar fram. Öskufallið hefði getað orðið svo miklu víðtækara og gróður- skemmdirnar meiri en raun bar vitni. En gríðarlegt öskufok var afar algengt í nágrenni gos- stöðvanna frá upphafi gossins og fram að áramótum. Land sem ekki fékk á sig öskufall hélt áfram að gróa upp þegar á heildina er litið, þótt ennþá sé gróður og jarðvegur allt of víða að eyðast.

Ársins 2010 verður lengi minnst vegna náttúruhamfaranna sem urðu í og við Eyjafjallajökul. Íbúar í nágrenni eldstöðvanna þjuggu við ógnir flóðahættunnar beggja megin eldfjallsins en frábær undir- búningur Almannaþingarinnar í héraði kom í veg fyrir manntjón af völdum hamfaranna. Með samstilltu átaki fjölda stofnana tókst að koma bú- fé í haga og hreinsa ösku af bæjarhúsum og þorpum. Eðjuflóðin í ánum sem rætur sínar eiga að rekja til jöklanna og eldstöðvanna í Eyjafjalla- og Mýrdalsjökli hafa fært fram á læglendið og til sjávar hundruð þúsunda rúmmetra af eðju og aur, sem valdið hafa miklum erfiðleikum og ógnað m.a. virkni hafnarmannvirkja í Landeyjahöfn.

Með farsælu samstarfi Vega- gerðarinnar og Landgræðslunnar við flóðavarnir og með stöðugum uppmokstri úr farvegum ána tókst að koma í veg fyrir stórfelld tjón á byggð og samgöngumannvirkjum.



Samkomulag um átak ríkisstjórnarinnar til að takast á við afleiðingar eldgossins var undirritað í nágrenni gosstöðvanna.

Þeim verkefnum er þó hvergi nærri lokið og leggja verður allt kapp á að halda þeim framkvæmdum áfram til að verja byggð og mannvirki. Ríkisstjórnin kom til að- stoðar og veitti fjármagni til að kosta þessar aðgerðir og margar fleiri á árinu. Þar á meðal var hrundið úr vör sérstöku átaki til að veita atvinnuleitendum vinnu við hreinsun ösku, girðingarvinnu o.fl.

Í hamförunum sáu landsmenn hversu gríðarleg áhrif öskufalls geta verið þegar dagur varð sem



Enn er barist við aurframburð í Svaðbælisá.

nótt og heimafólk mátti vart draga andann vegna öskuryks. Ekki tók síðan betra við þegar gosi lauk því þá hófst gríðarlegt öskufok. Askan lék lágvaxinn gróður grátt þar sem hún féll á þúsundir ferkílómetra lands. Reynslan sýnir að melgresið þolir öllum öðrum gróðri betur öskuna og tilheyrandi svörfun í kjölfar öskufallsins. Víðirunnar þola einnig vel öskufallið og samfelldur birkiskógur virðist jafnvel þrífast betur á eftir talsverðu öskufalli, þegar samkeppnin minnkar við undirgróður sem oft deyr í þykku öskulagi. Í skóglendi fýkur askan og vikurinn ekki fram og til baka með tilheyrandi eyðingarmætti og skógaleifarnar í kringum Heklu bera órækt vitni um þol birkikjarrsins gegn náttúruhamförum.

Landgræðslan, í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands, hefur fylgst með framvindu mála með mælingum á öskufoki. Í ljós kemur að á svæðunum í kringum Eyjafjallajökul hefur orðið eitt mesta mælda ösku- eða sandfok sem þekkt er í heiminum. Það kemur einnig í ljós að askan á sér fyrst og fremst uppruna á svæðum þar sem gróður er rýr eða enginn, á örfoka melum og klapparholtum. Gróskumikil graslendi og móar binda öskuna hins vegar og þar nær hún að samlagast jarðveginum með tímanum.

Þetta sýnir okkur mikilvægi þess að hugleiða landnýtingu á virkum gossvæðum með nýjum hætti. Það verður að horfa til framtíðar í þessum efnum. Eina raunhæfa varnaraðgerðin sem getur dregið úr öskufoki eins og Eyfellingar og



Grös koma upp úr öskunni á Þorvaldseyri í lok eldgossins.


aðrir Sunnlendingar máttu þola á síðasta ári er að efla og auka gróður á þessum svæðum, bæði með grastegundum og kjarri. Einungis þannig er hægt að binda öskuna í stórum stíl, og um leið endurheimtum við hluta þeirra gróðurlenda sem hafa glatast frá upphafi búsetu. Atburðirnir í sumar

sýna svo ekki verður um villst að það er brýnt að við einbeitum okkur að endurheimt landgæða og þar með endurheimt lífsgæða á hamfarasvæðum og annars staðar.

Græðum Ísland!  
Sveinn Runólfsson,  
landgræðslustjóri.



Unnið var við heftingu öskufoks í byggð. Alls var sáð og borið á 1.100 ha.



**Fjárhagur og mannaflí**

Fjárveitingar ríkisins til Landgræðslunnar voru samtals 734,2 m.kr. samanborið við 596,4 m.kr. árið 2009. Landgræðslan fékk 140 m.kr. á fjárákálögum til að sinna verkefnum tengdum eldgosinu í Eyjafjallajökli. Sértekjur voru 254 m.kr. samanborið við 249 m.kr. árið 2009.

Meðal sértekna var 35 m.kr. framlag frá sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðuneytinu til verkefnisins Bændur græða landið, samanborið við 37,5 m.kr. árið 2009.

Starfsmenn voru 93 (86 árið 2009), ársverk 62 (56 árið áður).

**Héraðssetur Landgræðslunnar**

Landgræðslan starfrækir nú fimm héraðssetur: í Gunnarsholti, á Hvanneyri, Hólum, Húsavík og Egilsstöðum. Á setrunum starfa átta héraðsfulltrúar sem hafa umsjón með ákveðnum þáttum í starfsemi Landgræðslunnar hver á sínu svæði, einkum er lýtur að

uppgræðslu og öðrum landbótaverkefnum, ráðgjöf og samskiptum við heimamenn. Sú breyting hefur orðið á starfi héraðsfulltrúa, að þeir sinna í auknum mæli verkefnum utan sinna hefðbundnu starfssvæða og starf þeirra byggir því meira en áður á sérþekkingu fremur en landfræði-

Áburðarnotkun Landgræðslunnar				
	Áburði dreift, tonn		Vinnslusvæði, ha	
	2009	2010	2009	2010
Landbótasjóður	347	487	1.733	2.442
Bændur græða landið	1.182	1.160	5.910	5.800
Landgræðslan	800	993	4.000	4.967
<b>Samtals</b>	<b>2.329</b>	<b>2.640</b>	<b>11.643</b>	<b>13.209</b>

## Bændur græða landið (BGL)

Bændur græða landið, BGL							
Tölur í sviga fyrir árið 2009		Virkir þátttakendur		Áburður		Fræ	
Svæði	Þátttakendur	Fjöldi	%	Tonn	Á virkan þátttakanda	kg	Á virkan þátttakanda
Suðurland	161 (157)	119 (123)	74 (78)	209 (229)	1,8 (1,9)	1.870 (1.951)	15,7 (15,9)
Vesturland	148 (149)	124 (140)	84 (94)	226 (248)	1,8 (1,8)	1.062 (695)	8,6 (5,09)
Norðvesturland	138 (136)	125 (120)	91 (88)	249 (235)	2,0 (2,09)	2.700 (2.702)	21,6(22,59)
Norðausturland	118 (120)	107 (108)	91 (90)	353 (348)	3,3 (3,2)	3.580 (3.7559)	33,5 (34,8)
Austurland	75 (72)	64 (58)	85 (81)	122 (123)	1,9 (2,1)	1.145 (740)	17,9 (12,8)
Samtals	640 (634)	539 (549)	84 (87)	1.159 (1.183)	2,2 (2,2)	10.357 (9.843)	19,2 (17,9)

legum forsendum. Auk héraðssetranna eru tvær starfsstöðvar, önnur á Höfn sem starfrækt er í samvinnu við Búnaðarsamband Suðurlands, hin á Kirkjubæjarklaustri í samstarfi við Suðurlandsskóga. Landgræðslan starfrækir auk þessa skrifstofu á Keldnaholti í Reykjavík.

bændum kr. 55.700 á tonn og alls var dreift 1.160 tonnum af áburði og sáð 10,4 tonnum af grasfræi á vegum verkefnisins. Áætlað er að unnið hafi verið á um 5.800 ha.

Bændur leggja til vinnu og vélar við

áburðardreifingu og sáningu, auk þátttöku í áburðarkostnaði. Auk þess dreifa fjölmargir þátttakendur tilbúnum og lífrænum áburði umfram samningsbundið magn. Það má því gera ráð fyrir að virk BGL svæði séu mun stærri en samningar segja til um.

### Bændur græða landið

Verkefnið Bændur græða landið (BGL) hefur verið starfrækt frá árinu 1990 og þátttakendur eru 640, þar af tóku 539 virkan þátt árið 2010.

BGL er samstarfsverkefni bænda og Landgræðslunnar um uppgræðslu heimalanda. Til að land sé tækt í verkefnið þarf það að vera lítið gróið eða ógróið og beitarálag verður að vera hóflegt. Landgræðslan leggur bændum til 85% kostnaðar vegna tiltekinnar áburðarkaupa og fræ þar sem þess er talin þörf, veitir auk þess faglega ráðgjöf og hefur eftirlit með verkefnum.

Árið 2010 greiddi Landgræðslan



Landið hart leikið. Mikil verkefni í endurheimt landkosta.



Góður árangur eftir þriggja ára áburðargjöf.

Nú er unnið að kortlagningu allra BGL svæða og mun þeirri vinnu ljúka á árinu 2011. Þá munu liggja fyrir nákvæmari tölur um BGL verkefnið en hingað til hefur verið.

## Landbótasjóður

Landbótasjóður er á vegum Landgræðslu ríkisins sem leggur honum til fé til úthlutunar, auk þess sem aðrir aðilar geta lagt sjóðnum til fjármuni. Starfsemi sjóðsins hófst árið 2003. Landgræðsla ríkisins úthlutar árlega styrkjum til landbótaverkefna til landeigenda, sveitarfélaga,

félagasamtaka og annarra umráðahafa lands. Upphæð einstakra styrkja getur numið allt að 2/3 kostnaðar við hvert verkefni, en þó ekki meiru en sem nemur 10% þess fjár sem til úthlutunar er hverju sinni.

Meginmarkmið sjóðsins er að efla landgræðsluhuga og landgræðsluþekkingu bænda og annarra landeigenda og vinna að uppgræðslu lands og endurheimt vistkerfa með aðaláherslu á:

Stöðvun hraðfara jarðvegsrofs og gróðureyðingar.

Endurheimt gróðurs, jarðvegs og votlendis.

Að landnýting verði sjálfbær.

Bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi.

Árið 2010 voru til úthlutunar 32 m.kr. Þar af lagði Landgræðslan fram 27 m.kr. en Landsamtök sauðfjársvæða 5 m.kr. Alls hlaut 61 verkefni styrk, en áætla má að í Landbótasjóðsverkefnum hafi verið unnið á um 2.400 ha á árinu.

## Varnir gegn landbroti

Landgræðsla ríkisins fer með framkvæmd laga um varnir gegn landbroti nr. 91/2002. Markmið laganna er m.a. að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot og annað tjón á landi, landkostum eða mannvirkjum af völdum fallvatna. Landgræðsla ríkisins er framkvæmdaaðili þegar unnið er að verkefnum skv. ákvæðum laganna, en Landgræðslunni er einnig heimilt að úthluta árlega styrkjum til að vernda mannvirki eða land í eigu einkaaðila og skal auglýsa eftir umsóknum um slíka styrki. Upphæð einstakra styrkja getur numið allt að 3 m.kr.

Varnir gegn landbroti, VGL				
	Fjöldi verkefna			
	2009		2010	
	Alls	Lokið	Alls	Lokið
Vesturland og Vestfirðir	6	6	6	6
Norðurland vestra	14	14	4	4
Norðurland eystra	9	7	24	18
Austurland	4	3	14	12
Skaftafellssýslur	13	13	6	6
Árnes- og Rangárvallasýslur	2	2	3	3
<b>Samtals</b>	<b>48</b>	<b>453</b>	<b>57</b>	<b>49</b>



## Aldarafmæli varnargarða



Á árunum 1933-1934 var byggður tveggja km langur garður frá Stóru-Dímon að brúnni til að beina fljótinu undir hana. Þetta var mikið mannvirki og í það fóru um 12000 dagsverk, en í brúna um 6000 dagsverk. Notaðir voru fimm vörubílar sem báru eitt til eitt og hálf tonn af grjóti. Grjótið var tekið úr Stóru-Dímon og því hlaðið með handafli á bílana.

Í flestum tilvikum eru verkefni unnin þannig að bakkar vatnsfalla þar sem landbrot ógnar nytjalandi eða mannvirkjum eru styrktir með svokölluðum bakkavörnum, en einnig eru gerðir varnargarðar og aðrar flóðavarnir til

að tryggja varðveislu lands og mannvirkja fyrir ágangi vatna.

Árið 2010 var unnið að 57 verkefnum alls og var þeim lokið að undanskildum 6 verkefnum á Norðurlandi eystra og



Varnargarður við Markarfljót. Stóra Dímon í baksýn.

tveimur á Austurlandi. Flest voru verkefni á Norðurlandi eystra eða 24. Auk þessara hefðbundnu verkefna var unnið við flóðavarnir vegna gossins í Eyjafjallajökli, bæði styrkingu varnargarða og uppmokstur ösku og framburðar úr farvegum ána. Alls var varið til varna gegn landbroti 120 m.kr. á árinu 2010, þar af 60 m.kr. vegna gossins í Eyjafjallajökli.

### Aldarafmæli varnargarða Markarfljóts

Þann 7. maí voru liðin 100 ár frá því hafin var bygging varnargarða við Markarfljót. Seljalandsgarður heitir sá sem fyrstur var byggður og var í upphafi 700 m langur. Sagt er að 70 heimamenn hafi unnið þetta þrekvirki á 70 dögum, mikið til í sjálfböðavinnu.

Tæknin takmarkaðist við skóflur og hjólbörur með jarnhjólum.

Hollt er að minnst þessa stórhuga fólks nú þegar þjóðin fæst við afleiðingar af völdum manngerðra og náttúrulegra hamfara.

Afmælisins var minnst með veglegri afmælishátíð á Heimalandi undir Eyjafjöllum. Upplýsingaskilti um fljótið, garðana og áhrif þeirra á búsetu og mannlíf var afhjúpað. Það stendur við vegamótin í Þórsmörk. Sett var upp sýning í Heimalandi þar sem rakin er saga þessa stórmerka máls.

# Ógnir eldfjallanna



Eldgosið í Eyjafjallajökli hafði mikil áhrif á starfsemi Landgræðslunnar. Ýmsum áformuðum framkvæmdum var frestað til að geta sinnt brýnum verkefnum á sviði uppgræðslu og landbrotsvarna.

**Viðbragðsteymi Landgræðslunnar**  
Í upphafi eldgossins í Eyjafjallajökli var stofnað viðbragðsteymi starfsmanna Landgræðslunnar til að sam-

hæfa aðgerðir stofnunarinnar og tryggja upplýsingaflæði innan hennar og til fjölmiðla.

## Samráð, kynning, ráðgjöf

Landgræðslustjóri og aðrir starfsmenn Landgræðslunnar sátu fjölda funda með stjórnvöldum og heimamönnum. Sóttir voru kynningarfundir á Heimalandi, hjá sveitarstjórnnum og einnig voru bændur

heimsóttir og veitt ráð varðandi beitolönd o.fl.

## Beitolönd og girðingar

Landgræðslan lagði til beitolönd undir sauðfé frá gossvæðunum og annaðist nýgirðingar og viðhald girðinga á beitahólfum og fékk aðstoð frá atvinnuleitendum fyrir milligöngu stjórnvalda og Vinnumálastofnunar.

## Rannsóknir á gróðurlendum

Sérfræðingar stofnunarinnar hófu ýmsar rannsóknir á gróðurlendum sem urðu fyrir öskufalli. Svona fingerðaska hefur ekki fallið í neinum mæli í okkar minni er byggjum landið í dag. Á undanförunum áratugum hefur gjóskufall frá eldstöðvum verið aðallega grófur vikur sem hefur ekki skapað jafn mikið öskufok og raunin varð á í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli.

## Framkvæmdum frestað

Landgræðslan frestaði ýmsum brýnum verkefnum til næstu ára til þess að geta tekist á við verkefnið í kjölfar gossins.

## Flóðavarnir

Mikið og farsælt samstarf er milli Landgræðslunnar og Vegagerðarinnar um varnir gegn flóðum og landbroti. Í gildi er samstarfssamningur um varnargarðana við Markarfljót. Vegagerðin sér um garða er verja samgöngumannvirki, Landgræðslan sér um aðra garða er verja gróið land og mannvirki, svo eru enn aðrir garðar í sameiginlegri ábyrgð stofnananna.

Flestir garðarnir stóðust jökulhlaupið ágætlega, en Vegagerðin vann að



viðgerðum þeirra garða sem skemmdust við Markarfljót. Ekki vantaði nema nokkra tugi sentímetra að flæddi yfir nokkra garða í hlaupinu, sem hefði getað valdið miklu tjóni.

Tvö flóð komu í Svaðbælisá og skemmdu varnargarða og fylltu farveginn. Vegagerðin hannaði í samráði við Landgræðsluna varnaraðgerðir og bauð út byggingu nýrra garða við ána.

Framburður gjóskueðju var mikill í árnar undir Eyjafjöllunum og sumar bakkafullar af þeim sökum. Margar þeirra voru það fyrir gos af malarframburði og gátu farvegirnir með engu móti tekið við þeirri eðju sem kom ofan af jökli. Varnargarðar voru hækkaðir, mokað upp úr farvegum og árósar hreinsaðir. Reynt var eftir megni að haga uppmokstri þannig að árnar gætu flutt sem mest af eðjunni til sjávar. Uppmokstri úr farvegunum er hvergi nærri lokið og vakta verður árnar á næstu misserum til að koma í veg fyrir eðjuflóð úr þeim á byggð og samgöngumannvirki.

### Hefting öskufoks

Til að hamla uppfoki ösku í byggð var ráðist í aðgerðir á riflega 1.100 ha á láglandi til styrkingar gróðurs þar sem aska hafði fallið og fok átti sér stað. Unnið var á tíu svæðum í nágrenni Eyjafjallajökuls. Með því að styrkja gróðurinn er vonast til að dragi úr öskufoki í byggð. Þar með aukast lífsgæði íbúa á svæðinu, búseta leggst ekki niður og ferðaröryggi um vegi sem liggja um svæðið batnar. Bændur framkvæmdu sem verktakar flestar aðgerðanna. Framkvæmdirnar lofa góðu og þær áttu þátt í að draga úr öskufoki. Gera verður ráð fyrir á-



framhaldandi öskufoki á næsta ári og því er áriðandi að halda áfram að hefta eins og kostur er upptök öskufoks í byggð.

### Beitiland og girðingar

Fljótlega eftir að eldgosíð í Eyjafjallajökli hófst varð ljóst að illa horfði með upprekstur og beit á ýmsum af-réttum og heiðalöndum í nálægð fjallsins og margir heimahagar



# Ógnir eldfjallanna

ónýtanlegir með öllu. Landgræðslan skoðaði svo að segja alla afrétti frá Landmannaafretti í vestri að Skaftártunguafrétti í austri. Mikið og gott samstarf var við Búnaðarsamband Suðurlands og hlutaðeigandi sveitarstjórnir um þetta verkefni. Ljóst er að gróður á nokkrum afréttum og heiðalöndum verður nokkur ár að ná sér eftir öskufallið.

Bændum undir Eyjaföllum voru boðin beitarhólf í Skaftárhreppi. Þá var fé einnig flutt í hólfi í Holt undir Eyjafjöllum og nokkrar kindur munu hafa farið í hólfi í Mosfellsbæ. Fé í Fljótshlíð var flutt í hólfi við Vorsabæ í Landeyjum og Meiri-Tungu í Ásahreppi. Alls eru þessi hólfi um 8.800 ha að stærð. Landgræðslan annaðist nauðsynlegar girðingarframkvæmdir við þessi hólfi. Girðingar sem um ræðir eru um 80 km að lengd, þar af um 15 km nýgirðingar og 65 km af girðingum sem þurfti að lagfæra.


## Rannsóknir

Rannsóknir Landgræðslunnar í kjölfar gossins beinast að tvennu; að fylgjast með framvindu á öskufallssvæðunum, bæði með tilliti til öskudreifingar og almennrar gróðurframvindu og að rannsóknum á áhrifum mismunandi öskufalls á gróðurfar. Gott samstarf er á milli Landgræðslunnar, Landbúnaðarháskóla Íslands og Skógræktar ríkisins um þessar rannsóknir.

Fylgst hefur verið með öskuþykkt og breytingum á henni á fimm föstum mælisvæðum. Þau eru á Fimmvörðuhálsi, á Sólheimabeiði, við Þakgil í Mýrdal, í Þórsmörk og innst í Fljótshlíð, sem og við Einhryningsflatir. Enn fremur hafa verið settar upp sjálfvirkar veðurmælistöðvar á Fimmvörðuhálsi og í Fljótshlíð til að fylgjast með vindhraða og öskufoki. Jafnframt hafa verið settar upp fokgildir til að meta magn fokefna á fjórum þessara svæða, alls 26 gildir. Lagðir hafa

verið út fastir gróðurmælireitir í Þórsmörk, bæði í skógi og utan skógar, og uppi á Fimmvörðuhálsi. Þar verður fylgst með gróðurbreytingum á komandi árum, jafnframt því sem kannað verður hvaða áhrif mismunandi inngríp, t.d. áburðargjöf, hafa á framvinduna. Jafnframt hafa verið settir upp tilraunareitir í Gunnarsholti. Þar verður fylgst með áhrifum mismunandi öskuþykktar á gróður og á jarðvegshita.

Ennfremur verða bornar saman gróðurbreytingar á landslagsskala út frá gervitunglamyndum þegar þau gögn verða tiltæk. Þeim samburði verður haldið áfram á komandi árum.



## Landgræðsluverðlaunin

Að þessu sinni voru landgræðsluverðlaunin afhent í Gunnarsholti við hátíðlega athöfn. Aðstoðarmaður umhverfisráðherra, Hafdís Gísladóttir, afhenti verðlaunin fyrir hönd umhverfisráðherra. Verðlaunin hlutu Ársæll Hannesson, Stóra-Hálsi í Grímsnes- og Grafningshreppi, Hermann Herbertsson, Sigríðarstöðum í Þingeyjarsveit, Ingólfur Helgason og Unnur Sveinbjörnsdóttir, Dýrfinnustöðum í Skagafirði, Sandgerðisbær og Þjórsárskóli.

Landgræðsluverðlaunin eru veitt einstaklingum, félagasamtökum og skólum sem unnið hafa að landgræðslu og landbótum. Með verðlaununum vill Landgræðslan vekja athygli á því mikilvæga starfi sem áhugafólk vinnur um land allt.

## Landgræðslunni tæmist arfur

**Baldur Pálmason (1919 - 2010)** arfleiddi Landgræðslu ríkisins og Krabbameinsfélag Íslands að öllum eignum sínum.

Baldur nam við Verslunarskóla Íslands. Hann vann hjá Ríkisútvarpinu í fjóra áratugi og var dagskrárstjóri síðustu árin en lét af störfum árið 1981. Lengi annaðist Baldur barnatíma, kvöldvökur og bókmenntaþætti. Einnig sinnti hann störfum fréttamanns um tíma.

Skáldskapur var mikið áhugamál Baldurs og hann sendi frá sér ljóðabækurnar Hrafninn flýgur um aftaninn árið 1977 og Björt mey og hrein tveimur árum seinna. Árið 2000 gaf hann út bókina Á laufblaði einnar lilju



til minningar um föður sinn. Þá orti hann og þýddi söngtexta, þar á meðal „Alparósina“ við lag úr söngleiknum Söngvaseið.

Eiginkona Baldurs var Guðný Sesselja Óskarsdóttir en hún lést árið 1990. Seinni sambýliskona hans var Guðrún A. Jónsdóttir en hún lést í júní 2008.

Fræðiflun Landgræðslunnar					
Ár →	2006	2007	2008	2009	2010
Melgresi					
Eigin framleiðsla	9.090	12.937	16.309	7.810	6.661
Frá bændum	5.300	2.200	2.000	0	0
<b>Melgresi alls</b>	<b>14.390</b>	<b>15.137</b>	<b>18.309</b>	<b>7.810</b>	<b>6.661</b>
Alaskalúpína					
Eigin framleiðsla	440	7.215	0	632	0
Frá bændum	0	0	0	0	0
<b>Alaskalúpína alls</b>	<b>440</b>	<b>7.215</b>	<b>0</b>	<b>632</b>	<b>0</b>
Beringspuntur	16.991	13.582	1.791	6.280	3.130
Túnvingull (F. rubra)	1.400	0	0	0	0
Íslenskur túnvingull	400	4.969	6.716	719	0
<b>Innflutningur</b>					
Túnvingull	10.000	500	1.000	10.825	3.818
Vallarsveifgras	5.000	4.000	2.500	11.680	0
Hvítsmári				0	0
Sauðvingull				0	0
<b>Heildarmagn</b>	<b>48.621</b>	<b>45.403</b>	<b>30.316</b>	<b>37.946</b>	<b>13.609</b>



Landgræðslan fékk fjölmörg eintök af ljósmyndabókum Hjálmars til ráðstöfunar eftir hans dag. Þær eru til sölu á afar hagstæðu verði. Pantanir í síma 488 3000 og á netfangið land@land.is.

**Hjálmar R. Bárðarson (1918-2009)** arfleiddi 6 stofnanir og félagasamtök að öllum eigum sínum, þar af 30% til Landgræðslu ríkisins.

Hjálmar var menntaður skipaverkfræðingur og starfaði sem skipaskoðunarstjóri/siglingamálastjóri 1954-1985.

Hann var einn af þekktustu áhugaljósmyndurum Íslendinga og gaf út 12 ljósmyndabækur, stórvirki í myndum og máli um Ísland og náttúru þess. Hann gaf síðustu bókina út á níræðis-afmæli sínu.

Í erfðaskránni koma fram óskir Hjálmars um ráðstöfun hvers aðila á arfinum. Landgræðsla ríkisins skyldi verja sínum hlut til aukinnar fræræktar lúpínu og notkun hennar til uppgræðslu og til að gera land vænlegt til frekari ræktunar nytjagróðurs.

Landgræðslusjóður, sem einnig fékk 30% arfshlut, og Landgræðsla ríkisins ákváðu að verja hluta arfsins til stofnunar sjóðs sem hefur að markmiði að styrkja rannsóknaverkefni í landgræðslu og skógrækt, með sérstakri áherslu á vistfræði lúpínu og landgræðsluskógrækt með lúpínu. Sjóðurinn fær í stofnfé 20 millj. króna frá hvorum eignaraðila og á að starfa í 10 ár, skv. ákvæði í skipulagsskrá. Styrkþegar geta verið einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og opinberir aðilar. Sjóðurinn hefur fengið nafnið Minningarsjóður Hjálmars R. Bárðarsonar og Else S. Bárðarson. Stjórn sjóðsins skipa þrír einstaklingar og er einn tilnefndur af Skógræktarfélagi Íslands, annar af Landgræðslu ríkisins og hinn þriðji af Skógrækt ríkisins.

### Landgræðslufélögin

Landgræðslufélag Biskupstungna.  
Formaður: Þorfinnur Þórarinsson.

Landgræðslufélag Skaftárhrepps.  
Formaður: Sólrún Ólafsdóttir.

Landgræðslufélag Örfæinga.  
Formaður: Örn Bergsson.

Landgræðslufélagið við Skarðsheiði.  
Formaður: Baldvín Björnsson.

Landgræðslufélag Svalbarðshrepps.  
Formaður: Ragnar M. Sigfússon.

Landgræðslufélag Reykjahlíðar.  
Formaður: Jón Illugason.

Landgræðslufélag Eyrarsveitar.  
Formaður: Hallur Pálsson.

Landgræðslufélag Öxfirðinga.  
Formaður: Rúnar Þórarinsson.

Skógræktar- og landgræðslufélag undir Jökli.  
Formaður: Skúli Alexandersson.

Húsgull, Húsavík.  
Formaður: Sigurjón Benediktsson.

Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs.  
Formaður: Ólafur Örn Haraldsson.

Upprekstrar- og landbótafélag Vopnfirðinga.  
Formaður: Borgar Páll Bragason.

Landgræðslufélag Héraðsbúa.  
Formaður: Björn Hallur Gunnarsson.

Landgræðslufélag Hrunamanna.  
Formaður: Esther Guðjónsdóttir.

Landbótafélag Gnúpverja.  
Formaður: Bjarni Másson.

Landgræðslufélag Skógarstrandar.  
Formaður: Sigurkarl Stefánsson.

# Rannsóknir

Á árinu 2010 var fjöldi rannsóknaverkefna 21 á próunarsviði Landgræðslu ríkisins, en að auki voru í gangi 6 námsverkefni. Rannsóknaverkefnið skiptast í þrjú flokka:

**Landgræðsluaðferðir:** Þróun og endurbætur aðferða við landgræðslu.

**Vistfræðirannsóknir:** Þar er verið að rannsaka þá ferla sem hafa áhrif á þróun vistkerfa og taka þarf mið af til að hámarka árangur vistheimtaraðgerða.

**Þjónusturannsóknir:** Þar er um að ræða ýmis konar verkefni fyrir utan aðkomandi aðila og önnur svið Landgræðslunnar.

## Landgræðsluaðferðir

Uppgræðsla með tilbúnum áburði, hversu lítið er nóg? Í verkefninu eru skoðuð áhrif vaxandi skammta af tilbúnum áburði á framvindu gróðurs á rýru landi á þremur stöðum á landinu. Umsjón: Magnús H. Jóhannsson.

Áhrif mismunandi skammta af fosfór á framvindu gróðurs á rýru landi. Verkefnið er framhald verkefnisins "Hversu lítið er nóg?" og er athyglinni beint að áhrifum vaxandi skammta af fosfór á gróður. Umsjón: Magnús H. Jóhannsson.

Lífrænn áburður til uppgræðslu. Markmið verkefnisins er að bera saman áhrif ýmissa tegunda lífræns áburðar á framvindu gróðurs á rýru landi. Umsjón: Magnús H. Jóhannsson.

Notkun giljaflækju, umfeðmings og baunagrass við landgræðslu. Lífun og vöxtur þessara belgjurta er mælt við mismunandi aðstæður á Hekluskögasvæðinu með því markmiði að geta nýtt tegundirnar við uppgræðslu. Umsjón: Magnús H. Jóhannsson.

Eyðing alaskalúpínu með illgresiseitri. Markmið verkefnisins er að finna hvernig og hvenær er best að eyða lúpínu með illgresiseitri án þess að skaða mikið gróður í sverði lúpinunnar. Umsjón: Magnús H. Jóhannsson.

Meðhöndlun og endurheimt staðargróðurs. Markmið verkefnisins er að þróa aðferðir til að geyma gróður-  
torfur, sem þarf að fjarlægja vegna framkvæmda, og nýta þær síðan til að þekja svæði að framkvæmdum loknum. Verkefnið er samstarfsverkefni við verkfræðistofuna EFLA og er styrkt af Orkurannsóknasjóði Landsvirkjunar. Umsjón: Jón Ragnar Örlygsson og Guðmundur Halldórsson.

## Vistfræðirannsóknir

Gróðurframvinda og þróun vistkerfa við hopandi jökla og á jökulsöndum. Verkefnið er tvískipt, annars vegar að skilja hvernig gróðurmynstur verða til á Skeiðarársandi og hvaða þættir hafa áhrif á hraða og stefnu framvindu þar og hins vegar að rannsaka gróðurframvindu fyrir framan hörfandi skriðjökla í suðurhlíðum Vatnajökuls. Þar er lítið á skriðjökla sem ígildi endurtekninga í vistfræðilegri tilraun þannig að tækifæri gefst til að prófa tilgátur um hvað stýri hraða og stefnu gróðurframvindu á landi sem

komið hefur undan hörfandi jökluum á s.l. öld. Verkefnið hefur fengið styrk úr Rannsóknasjóði Rannís árin 2004 og 2009, þrjú ár í senn, og úr Kvískerjasjóði árið 2009. Verkefnið er unnið í samstarfi við Þóru Ellen Þórhallsdóttur prófessor við HÍ. Umsjón: Kristín Svavarsdóttir.

SÓLEY - langtímaáhrif loftslagsbreytinga á plöntur og gróður á Íslandi. Þetta er rannsóknaverkefni sem styrkt er af Umhverfis- og orkusjóði Orkuveitu Reykjavíkur. Markmið verkefnisins er að greina og skilja langtímaáhrif loftslagsbreytinga á blómgun plantna og á gróðurfar á Íslandi. Verkefnið er unnið í samstarfi við Líffræðistofnun HÍ og Stofnun Sæmundar fróða HÍ auk þjóðgarða, náttúrustofa og annarra víða um land. Umsjón: Kristín Svavarsdóttir.

Landgræðsla og ágengar aðfluttar tegundir. Þessu verkefni er ætlað að þróa verklag til að koma í veg fyrir notkun mögulegra ágengra tegunda í landgræðslu. Rannsóknir á þektri ágengri tegund, alaskalúpínu, verða notaðar til að varpa ljósi á nauðsynlega þætti slíks verklags. Lögð er áhersla á alla þrjú stólpa sjálfbærrar þróunar í verkefninu. Hlutar verkefnisins hafa verið styrktir af Rannsóknasjóði Rannís (forverkefnisstyrkur), Orkurannsóknasjóði Landsvirkjunar og átaksverkefni Vinnuálastofnunar og ríkisstjórnarinnar. Verkefnið er unnið í samstarfi við Stofnun Sæmundar fróða, Háskóla Íslands (Guðmundur Ingi Guðbrandsson). Umsjón: Kristín Svavarsdóttir.

Styrking gróðurs við Háslón. Verkefnið er unnið fyrir Landsvirkjun. Rann-

# Rannsóknir

sóknirnar beinast að því að kanna leiðir til að styrkja gróður á Háslóns-svæðinu með það að markmiði að gróðurinn geti tekið við auknu áfoki án þess þó að miklar breytingar verði á gróðurfari. Verkefnið er unnið í samstarfi við Lbhí (Ása L. Aradóttir og Ólafur Arnalds). Umsjón: Kristín Svavarsdóttir.

Kolbjörk. Þetta rannsóknarverkefni er styrkt af Umhverfis- og Orkusjóði Orkuveitu Reykjavíkur. Verkefnið miðar að því að ákvarða þróun vistkerfa í endurheimtum birkiskógum og getu þeirra til kolefnisbindingar. Verkefnið er unnið í samstarfi við Lbhí og Rannsóknastöð Skógræktar, Mógilsá. Umsjón: Guðmundur Halldórsson.

Skógvatn. Þetta er rannsóknarverkefni sem er styrkt af Umhverfis- og Orkusjóði Orkuveitu Reykjavíkur. Verkefnið miðar að því að ákvarða áhrif skógræktar og landgræðslu á vatnsgæði, vatnshagi og lífríki straumvatna. Verkefnið er unnið í samstarfi við Lbhí, Veiðimálastofnun, HÍ og Rannsóknastöð Skógræktar, Mógilsá. Umsjón: Guðmundur Halldórsson.

Uppbygging vistkerfa á röskuðum svæðum – LANDBÓT. Þetta er langtímaverkefni sem hófst árið 1999 og í því er þróun vistkerfa í stórum tilraunareitum með mismunandi inngrípum rannsókuð. Umsjón: Kristín Svavarsdóttir.

Vistheimt (RENO). Þetta er norrænt þemaverkefni þar sem verið er að safna og miðla upplýsingum um endurheimt skemmdra vistkerfa á Norðurlöndum. Verkefnið er unnið í samstarfi við Lbhí og ýmsar norrænar stofnanir. Verkefnið er styrkt af

Norðurlandaráði. Umsjón: Guðmundur Halldórsson.

Trjáskemmdir af völdum ertuyglu. Þetta er verkefni sem styrkt er af Framleiðnisjóði Landbúnaðarins þar sem verið er að kanna lífsferil, útbreiðslu og skaðsemi ertuyglu og leiðir til að verjast henni. Verkefnið er unnið í samstarfi við Rannsóknastöð skógræktar, Mógilsá. Umsjón: Guðmundur Halldórsson.

Eyjafjallajökull og áhrif ösku á gróður. Þetta er rannsóknar- og vöktunarverkefni þar sem fylgst er með breytingum á öskupykk og öskudreifingu á heiðum sunnan og austan gosstöðvanna, ásamt öskufokmælingum. Jafnframt eru gerðar gróðurmælingar og tilraunir sem miða að því að meta áhrif ösku á gróður. Vegna þessa verkefnis keypti stofnunin nýjar SPOT gervitunglamyndir af Eyjafjallajökli. Þær verða notaðar til að greina landslagsáhrif öskufallsins. Verkefnið er unnið í samstarfi við Lbhí. Umsjón: Jóhann Þórsson.

## Þjónusturannsóknir

COLUR - Landsúttekt á uppsöfnun kolefnis á landgræðslusvæðum. Þetta er þjónustuverkefni sem unnið er fyrir Umhverfisráðuneytið í tengslum við skuldbindingar Íslands vegna Rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál og miðar að því að tryggja fullnægjandi gögn um forða og bindingarhraða kolefnis á landgræðslusvæðum. Umsjón: Jóhann Þórsson.

Framleiðsla og gæðaprófun á Rhizobium-smíti fyrir alaskalúpínu. Þetta er þjónustuverkefni við rekstrar- og landverndarsvið Landgræðslunnar og miðar að því að tryggja örugga smítun lúpinu-fræs við sáningu. Umsjón: Anne Bau.

Flokkun úrgangs og vistvæn innkaup. Þetta er þróunarverkefni sem miðar að því að auka endurnýtingu úrgangs hjá Landgræðslunni og draga úr umfangi hans, jafnframt sé stuðlað að vistvænum innkaupum stofnunarinnar. Umsjón: Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir.

Spirunarprófanir á fræi. Þetta er þjónustuverkefni við rekstrar- og landverndarsvið Landgræðslunnar þar sem gæði fræs og spirunareiginleikar eru mældir. Umsjón: Anne Bau.

Sáningartilraun með melgresi við Háslón. Verkefnið er unnið fyrir Landsvirkjun og fjallar um hvernig koma megi til melgresi við bakka Háslóns til að taka við fokefnum sem berast upp úr lónstæðinu. Ýmsir þættir s.s. sáningartími, sáðmagn, áburðarmagn og uppruni fræs eru prófaðir í tilraun. Umsjón: Magnús H. Jóhannsson.

## Námsverkefni

Efnisflæði með vindum á Hekluslóðum. Þetta er M.S. ritgerð Elínar Fjólu Þórarinsdóttur við Lbhí sem hún lauk í desember 2010. Ritgerðin fjallar um mælingar á sandfoki á landslagsskala og áhrif uppgræðslna á efnisflutning. Leiðbeinandi var Ólafur Arnalds prófessor við Lbhí og Ingibjörg Jónsdóttir hjá HÍ.

Landbætur á sandsvæðum: Áhrif á landnýtingu og kolefnisbindingu. Þetta er meistaraverkefni Guðrúnar Stefánsdóttur við Lbhí og fjallar um söfnun kolefnis í sandhólum og stöðugleika slíkra vistkerfa. Leiðbeinandi er Ása L. Aradóttir prófessor við Lbhí. Umsjón: Guðmundur Halldórsson.

Krækilyng í frumframvindu. Þetta er B.S. verkefni Ágústu Helgadóttur við



Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ sem hún lauk vorið 2010. Verkefnið var unnið í tilraunareitum Landbótaverkefnisins á Geitasandi, Rangárvöllum og fjallar um hversu hratt krækilyng nemur land í uppgræðslu. Leiðbeinandi var Kristín Svavarsdóttir og tengiliður við HÍ var Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor.

Framvinda gróðurs og þróun vistkerfa við hörfandi jökla. PhD. verkefni Ólafar Birnu Magnúsdóttur við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ. Verkefnið hófst vorið 2009 og er hluti rannsóknaverkefnis nr. 6. Leiðbeinendur eru Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor og Kristín Svavarsdóttir.

Hlutverk mosa í landnámi háplantna á jökulsandi. Ph.D. verkefni Oliver Bechberger við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ. Verkefnið hófst vorið 2010 og er hluti rannsóknaverkefnis nr. 6. Leiðbeinendur eru Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor og Kristín Svavarsdóttir.

Breytingar á fenológíu plantna vegna loftslagsbreytinga. MSc. verkefni Guðrúnar Láru Pálmadóttur við HÍ. Verkefnið er hluti rannsóknaverkefnisins SÓLEY (nr. 7). Leiðbeinendur eru Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor, Guðmundur Ingi Guðbrandsson og Kristín Svavarsdóttir.



Á myndinni eru frá vinstri: Sodgerel Purevee, Mongólíu, Alemayehu Muluneh, Eþíópíu, Burmaa Dashbal, Mongólíu, Nazgul Esengulova, Kyrgyzstan, Hiskia Mbura, Namibíu. Fremstur er Moustapha Ibrahim, Níger.

Landgræðsluskólinn varð formlegur aðili að Háskóla Sameinuðu þjóðanna í febrúar í ár, en starfsemi skólans hófst árið 2007 og þá sem tilraunaverkefni Landbúnaðarháskóla Íslands, Landgræðslu ríkisins og utanríkisráðuneytisins. Frá því að starfsemin hófst hafa 17 háskólamenntaðir einstaklingar frá átta löndum fengið þjálfun hjá skólanum. Þátttakendur í ár voru frá Mongólíu, Kirgistan, Eþíópíu, Níger og Namibíu.

Fyrri hluta dvalar sinnar á Íslandi sóttu þátttakendur fjölmörg námskeið,

m.a. í vistheimt, sjálfbærri landnýtingu og jarðvegsvernd, auk fyrirlestra um grasrótastarf, verkefnastjórnun, alþjóðasamninga og fleira. Áhersla var lögð á að þeir fengju hagnýta þjálfun og kynntust aðferðum af eigin raun í vettvangsferðum. Farið var í skoðunarferðir og heimsóknir til bænda og héraðsfulltrúa Landgræðslunnar víða um land og unnið að ýmsum verkefnum, m.a. við kortlagningu og mat á landgæðum. Síðari hluta dvalarinnar unnu þátttakendur að sérverkefnum undir handleiðslu leiðbeinenda.

## Starfsfólk Landgræðslunnar

Aðalbjörg R. Ásgeirsdóttir	Aðstoðarmaður við rannsóknir	Jóhann Þórsson	Sérfræðingur
Andrés Arnalds	Fagmálastjóri	Jóhannes B. Jónsson	Héraðsfulltrúi Hvanneyri
Anna María Ágústsdóttir	Sérfræðingur	Jón Á. Jóhannesson	Matráður
Anne Bau	Sérfræðingur	Jón Jónsson	Vélamaður
Armands Mucenieks	Verkamaður	Jón I. Baldvinsson	Smíður/Umsjónarmaður
Arnar Ingi Jónsson	Verkamaður	Jón R. Björnsson	Fræðslufulltrúi
Arnis Simanvs	Verkamaður	Jón Einar Pétursson	Verkamaður
Ágúst Kaj Björnsson	Verkamaður	Jón R. Örylgsson	Sérfræðingur
Ágústa Helgadóttir	Aðstoðarmaður við rannsóknir	Jóna M. Eiríksdóttir	Starfsmannastjóri
Árni Eiríksson	Vélamaður	Jónas Bau Ellertsson	Nemi
Ásta Eyþórsdóttir	Aðstoðarmaður við rannsóknir	Jónas Friðriksson	Verkamaður
Ásta Berghildur Ólafsdóttir	Matráður	Jónella Sigurjónsdóttir	Skjalastjóri
Baldur Þ. Sigurðsson	Verkstæðisformaður	Jökull Jóhannsson	Nemi
Birkir S. Fannarsson	Lögfræðingur	Katharina Ó. Helgadóttir	Sumarstarfsmaður
Bjarni Arnþórsson	Vélamaður	Kári Gunnarsson	Nemi
Bjarni P. Maronsson	Héraðsfulltrúi Hólum	Kári Úlfsson	Sumarstarfsmaður
Björn Bjarnarson	Bifreiðastjóri	Kjartan M. Benediktsson	Umsjónamaður
Daði L. Friðriksson	Sérfræðingur/Héraðsfulltrúi	Kristinn G. Garðarsson	Aðstoðarstöðvarstjóri
Edda Linn Rise	Skjalastjóri	Kristín Gunnarsdóttir	Launafulltrúi
Eggert Gísli Eggertsson	Verkamaður	Kristín Svavarsdóttir	Sérfræðingur
Eiríkur Steinn Kristjánsson	Verkamaður	Kristján P. Ásmundsson	Sumarstarfsmaður
Einar Bjarnason	Girðingamaður	Laima Daujotiene	Ræstitæknir
Elín F. Þórarinsdóttir	Sérfræðingur	Lilja Magnúsdóttir	Nemi
Elín Jónsdóttir	Ræstitæknir	Magnús H. Jóhannsson	Sviðsstjóri Þróunarviðs
Eyjólfur Árni Karlsson	Sumarstarfsmaður	Nói Sigurðsson	Umsjónamaður fasteigna
Fríðrik L. Jóhannesson	Girðingamaður	Óðinn B. Helgason	Kerfisstjóri
Garðar Þorfinnsson	Héraðsfulltrúi Gunnarsholti	Ólafur Á. Sveinbjarnarson	Sumarstarfsmaður
Gissur Guðjónsson	Nemi	Reynir Þorsteinsson	Stöðvarstjóri
Guðjón Magnússon	Sviðsstjóri Almannatengsla	Samuel R. Webb	Kerfisfræðingur
Guðmundur Guðmundsson	Sviðsstjóri Rekstrarsviðs	Sigurður Ágústsson	Girðingamaður
Guðmundur Halldórsson	Rannsóknastjóri	Sigurður Snær Guðmundss	Verkamaður
Guðmundur Stefánsson	Sviðsstjóri Landverndarsviðs	Sigurjón Einarsson	Varnir gegn landbroti
Guðmundur P. Steinarsson	Vélamaður	Sigþrúður Jónsdóttir	Sérfræðingur
Guðný H. Indriðadóttir	Sérfræðingur	Stefán Skaftason	Héraðsfulltrúi Húsavík
Guðrún Schmidt	Héraðsfulltrúi Egilsstöðum	Steinunn Skúladóttir	Sumarmaður við rannsóknir
Guðrún Stefánsdóttir	Sérfræðingur	Sveinn Runólfsson	Landgræðslustjóri
Gústav M. Ásbjörnsson	Héraðsfulltrúi Gunnarsholti	Sveinn V. Þorsteinsson	Sumarstarfsmaður
Helgi Ármannsson	Sumarstarfsmaður	Tómas Ingi Guðmarsson	Verkamaður
Helgi Björn Ólafsson	Nemi	Tómas Tómasson	Vélamaður
Helgi Þorsteinsson	Sumarstarfsmaður	Úni Gíslason	Nemi
Hjörtur Guðjónsson	Vélamaður	Vígfús Ægir Vígfússon	Verkamaður
Hulda Karlsdóttir	Fjármálastjóri	Þorlákur P. Jónsson	Vélamaður
Ingvar Gíslason	Nemi	Þorsteinn Guðjónsson	Vélamaður
Ína Karen Markúsdóttir	Nemi	Þorsteinn Kristinsson	Kerfisfræðingur
Ingimundur Pétursson	Verkamaður	Þórunn Ragnarsdóttir	Þjónustufulltrúi
Jóhann Bjarnason	Vélamaður	Þórunn Dís Þórunnardóttir	Sumarstarfsmaður
Jóhann Thorarensen	Sérfræðingur		



